

Pingeyjarsveit
Kjarna,
650 Laugum

Garðabær, 18. ágúst 2025
202507-0007/A.B.
08.02

Efni: Umsögn - Tillaga - Deiliskipulag Laxárstöðva Pingeyjarsveit.

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Pingeyjarsveitar vegna deiliskipulagstillögu fyrir vatnsaflsstöðvarnar Laxárstöð I, II og III í landi Presthvamms í Aðaldal, sem barst Náttúruverndarstofnun 2. júlí 2025. Deiliskipulagið tekur til núverandi mannvirkja á svæðinu og er ekki gert ráð fyrir frekari uppbyggingu, utan einnar dreifistöðvar rafveitu.

Í greinargerð kemur fram að markmið deiliskipulagsins sé að skrá og skilgreina starfsemi og mannvirki á skipulagssvæðinu, þar á meðal stöðvarhús, rafbúnað, starfsmannahúsnæði og veitulagnir. Svæðið er um 40 ha að stærð og nær yfir landsvæði beggja vegna Laxár.

Þá kemur fram í greinargerð að heimilt sé að endurbyggja núverandi mannvirki innan byggingarreita, þar á meðal stíflur, pípur, göng og stöðvarhús, að því tilskildu að framkvæmdir hafi ekki varanleg áhrif á vatnsrennsli, lífríki eða aðra náttúrulega þætti á svæðinu eða neðan virkjana.

Þá er tekið fram að ekki sé um framkvæmdir að ræða sem krefjast mats á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111/2021, en lagt er mat á umhverfisáhrif í samræmi við 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagssvæðið er innan verndarsvæðis samkvæmt lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu, og lýtur einnig ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 60/2013, og á hér m.a. við 61. gr. laganna. Náttúruverndarstofnun hefur því lagt mat á áhrif deiliskipulagsins með hliðsjón af verndargildi svæðisins, vistgerðum, fuglalífi og landslagi.

Mývatn

Skipulagssvæðið er að mestu leyti innan verndarsvæðis samkvæmt lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu. Markmið laganna er að stuðla að verndun náttúrufars, lífríkis, jarðmyndana og landslags á Mývatns- og Laxárvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun. Nánari útfærsla á verndinni kemur fram í reglugerð nr. 665/2012 um sama efni.

Í greinargerð kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu, heldur sé markmiðið að skrá og skilgreina þá starfsemi og þau mannvirki sem fyrir eru. Þó er heimilt að endurbyggja og viðhalda mannvirkjum innan ákveðinna marka. Þessar framkvæmdir geta

haft áhrif á náttúrufar, s.s. landslag, jarðmyndanir og lífríki, og falla þar með undir ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 97/2004 og 3. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012.

Samkvæmt þessum ákvæðum:

„Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða.“

Náttúruverndarstofnun bendir á að með þessari umsögn sé ekki verið að veita samþykki fyrir skipulagsáætlun í skilningi framangreindra ákvæða. Leita skal því sérstaklega leyfis Náttúruverndarstofnunar fyrir öllum framkvæmdum og allri starfsemi sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir eða landslag innan verndarsvæðisins, í samræmi við 3. gr. laga nr. 97/2004 og 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012.

Tillagan hefur samkvæmt gögnum óveruleg áhrif á verndarsvæðið, að því gefnu að ekki verði vikið frá þeim skilmálum sem fram koma í deiliskipulagi og að allir framkvæmdaþættir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins séu metnir sérstaklega og leyfðir af Náttúruverndarstofnun. Náttúruverndarstofnun mælir með því að þetta sé sett skýrt fram í skipulagsgögnum sjálfum.

Umhverfisáhrif

Skipulagssvæðið er staðsett að mestu leyti innan verndarsvæðis samkvæmt lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu.

Þrátt fyrir að tillagan feli ekki í sér nýja uppbyggingu nema að litlu leyti, er heimilt samkvæmt skilmálum að endurbyggja og viðhalda mannvirkjum, m.a. stíflum, pípum, stöðvarhúsum og öðrum mannvirkjum. Samkvæmt greinargerð er það þó bundið því skilyrði að „ytri umgjörð skal taka ríkt tillit til samhengis byggðarinnar og yfirbragðs hennar þegar það á við. Þá skal þess gætt að sómi sé sýndur upphaflegum byggingarstíl og hlutföllum húsa og mannvirkja.“ Hins vegar er ekki fjallað um náttúrulega þætti í kringum mannvirkin – s.s. gróðurfar, jarðminjar eða fuglalíf – né um það hvernig slíkt rask skuli forðast.

Í greinargerð vantar alfarið lýsingu á gróðri eða vistgerðum á svæðinu, og ekki er tekin afstaða til þess hvort innan svæðisins séu vistgerðir eða hraun sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga, s.s. votlendi, birkiskóg eða hraunvistgerðir. Þá er hvorki vikið að fuglalífi né mögulegri útbreiðslu ábyrgðartegunda á borð við spóa, lóu eða hrossagauk, sem algengar eru á láglendi við vatnsföll. Ekki er heldur vikið að því hvort jarðminjar eða hraun myndi hluta af landslagi eða grunni svæðisins.

Þar sem tillagan heimilar framkvæmdir sem kunna að kalla á jarðrask, og ekki liggja fyrir upplýsingar um náttúrufar á svæðinu, telur Náttúruverndarstofnun að áhrif tillögunnar á verndarsvæði, vistkerfi og lífríki séu **óljós**. Í ljósi þess að svæðið nýtur verndar, að framkvæmdir eru mögulegar samkvæmt skipulagsáætlun, og að engin matsspurning er lögð fram um gróður, fugla eða jarðminjar, telur stofnunin að bæta þurfi úr þessari óvissu áður en skipulagið verður samþykkt.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur